R15110010

# ERINDISBRÉF

**Eigendanefnd Faxaflóahafna sf.**

**Ábyrgð:**
Byggðarráð eigenda Faxaflóahafna sf.

**Hlutverk:**
Hlutverk eigendanefndar Faxaflóahafna er að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sveitarfélaga sem standa að fyrirtækinu. Eigendanefndin hefur það hlutverk að móta Faxaflóahöfnum eigendastefnu í þeim tilgangi að tryggja sameiginlega sýn eigenda á samstarf um rekstur fyrirtækisins og skilvirka framkvæmd og stjórnun þess.

**Helstu verkefni:**
Að gera tillögu að eigendastefnu Faxaflóahafna sem lögð skal fyrir sveitarstjórnir eigenda fyrirtækisins til samþykktar.

**Eigendanefnd skipa:**
Fimm fulltrúar Reykjavíkurborgar og skal einn þeirra vera formaður eigendanefndar.
Fulltrúi Akraneskaupstaðar.
Fulltrúi Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.
Fulltrúi Hvalfjarðarsveitar.

Með eigendanefnd starfa borgarlögmaður, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og framkvæmdastjóri Faxaflóahafna sem jafnframt skipar ritara eigendanefndar. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga sem að fyrirtækinu standa, sem og stjórnarformaður þess, eiga jafnframt seturétt á fundum nefndarinnar.

**Starfstímabil:**
Eigendanefnd skili tillögu að eigendastefnu Faxaflóahafna fyrir lok febrúar 2016.

Samþykkt á fundi [byggðaráð og dags.]

DRÖG